

Byggingarfulltrúi  
Borgarfjarðarhreppur  
Hreppsstofa  
720 Borgarfjörður (eystri)



Reykjavík 17. ágúst 2016  
UST201607-136/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Lýsing. Tillaga að aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010 – 2030. Breytt landnotkun á Langatanga**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar er barst 20. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á landnotkun á Langatanga.

**Skipulagssvæðið**


Í lýsingu kemur fram að áætlað er að breyta landnotkun lóðarinnar Langitangi 7 á Seyðisfirði úr athafnasvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu. Langitangi 7 er lóð upp með Fjarðará. Einnig kemur fram að áætlað er að stækka lóðina og því þarf færa áætlaðan veg er fer yfir ána og tengist þar Múlavegi.


Umhverfisstofnun tekur undir áherslu um að tryggja aðgengi almennings meðfram ánni.

Einnig tekur stofnunin undir áætlun um fráveitu og bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur